

## Brúum bilið - samstarf við grunnskóladeild

Um árabíl hefur verið gott samstarf milli grunn- og leikskóla á Seyðisfirði um undirbúning leikskólabarna fyrir skólagöngu. Markmiðið með samstarfi skólanna hefur m.a. verið:

- að skapa samfellu í námi barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu milli skólastiganna.
- að stuðla að öryggi og vellíðan barna við að fara af einu stigi á annað.
- að vinna saman að verkefnum sem hæfa nemendum á þessum aldri.
- að gera börnin læs á skólaumhverfið í fylgd leikskólakennara.

Í sameinuðum skóla er gert ráð fyrir að deildirnar þróa samstarf sitt. Samstarf okkar felst m.a. í gagnkvæmum nemendaskiptum og á hverju skólaári eru tilteknir dagar valdir fyrir þessi nemendaskipti. Nemendur leikskólans koma þá í fylgd leikskólakennara í bóklega tíma í skóla og íþróttir í íþróttahúsi. Nemendur leikskólans taka þátt í löngu frímínútum áður en þeir fara aftur í leikskólann þá daga sem þeir eu í heimsókn.

Suma daga fara nemendur 1. bekkjar grunnskóladeildar yfir í leikskóladeild í fylgd starfsmanns. Þá taka nemendur leikskóladeildar þátt í skólaskemmtun grunnskóladeildarinnar. Einnig fara þau í heimsókn í Skólasel og taka þátt í Olweusardegi. Þá fara leikskólabörn með í vorferðalag og eru með í vinnu á vordögum. Dagskrá um nemendaskipti verður send heim til foreldra yngstu barnanna þegar hún verður tilbúin.

Á komandi vetri verður þessi samvinna í þróun eins og fleira í sameinuðum Seyðisfjarðarskóla. Deildirnar þrjár, leikskóla-, grunnskóla- og listadeild munu ræða saman um hvernig best sé að hafa tengslin þeirra á milli.

## Samstarf við listadeild

Gott samstarf er milli deilda innan Seyðisfjarðarskóla. Eldri börnum í leikskóladeild stendur til boða að stunda nám í listadeild meðan á leikskóladvöl stendur. Það er að segja æfa tónlist á vistunartíma. Mótun samstarfsins við listadeildina verður viðfangsefni í vetur.